



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 11. júlí 2019

USK2019030012

5.2

Borgarráð

Endurnýjun götutrjáa 2019.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjunar götutrjáa 2019. Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda ársins 2019 er 20 mkr.

Greinargerð:

Um er að ræða 1. áfanga vegna endurnýjunar trjáa við gönguleiðina "Ormurinn langi" í Rimahverfi í Grafarvogi. Áætlað er að í 1. áfanga verði fjarlægðar allt að 25 aspir og komið fyrir trjám af lágvaxnari tegundum. Þá verður komið fyrir runnagróðri og fjölæringum til að auka líffræðilega fjölbreytni og gerðar tilheyrandi lagfæringar á gönguleiðinni.

Kostnaðarstaður: 3106

Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda 2019: 20 mkr.

Framkvæmdir mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Endurnýjun trjágróðurs

Endurnýjun trjágróðurs



- Um er að ræða 53 aspir í gönguleiðinni í svo kölluðum Orminum langa sem er samsíða Langarima í Rimahverfi.
- Víða hafa tré vaxið út fyrir vaxtarrými, lyft hellum og skyggja á hús og lóðir.
- Núverandi ástand veldur óþægindum og slyshættu, m.a. er mikil fallhætta á svæðinu.
- Töluvert er um kvartanir íbúa vegna núverandi ástands.